

Árshing Taekwondosambands Íslands

Fjórða þing sambandsins, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. apríl 2006

Mætt voru: Ásthildur M. Jóhannsdóttir, Jón Ragnar Gunnarsson, Jón Garðar Steingrímsson, Gunnar Jónsson og Rósa Margrét Grétarsdóttir (fyrir TKÍ), Andri Geir Níelsson, Gulleik Lövskar og Haraldur Björn Sigurðsson, Kjartan Sigurðsson, Sverrir Tryggvason, Írunn Ketilsdóttir, Einar Þór Ingvarsson, Jóhann Ingi Albertsson og Hlynur Gissurarson, Arnar Bragason, Arnar Snær Valmundsson, Tinna María Óskarsdóttir, Magnús Benediktsson, Haraldur Ólafsson (fyrir ÍBR) Georg Styrmir Rúnarsson, Ingi Stefán Stefánsson og Helgi Þór Leifsson (fyrir ÍBA), Ólafur Sigvaldason, Edda Vigdís Brynjólfssdóttir, Sigrún Jónsdóttir, Ingi Páll Sæbjörnsson, Auður Anna Jónsdóttir, Anna Dagbjört Hermannsdóttir, Hildur Baldursdóttir (fyrir ÍBH). Jón Ragnar setti þingið kl 18:35. Jón Ragnar stakk uppá Hafsteini Pálssyni (formanni almennings íþróttasviðs) sem fundarstjóra og var það samþykkt.

Þingritari var kosinn Jón Garðar Steingrímsson

Í kjörbréfanefnd voru kosnir: Írunn Ketilsdóttir, Rósa Margrét Grétarsdóttir og Magnús Benediktsson.

Hafsteinn flutti kveðju ÍSÍ. Ræddi hann um hversu langt TKÍ hefði komist á stuttum tíma, einnig um að á næsta íþróttahringi myndi Ellert B. Schram ekki bjóða sig fram og því ríkti töluverð óvissa um hver yrði næsti leiðtogi íþróttahreyfingarinnar. Að endingu minnti Hafsteinn á Lottó tekjurnar og lagði áherslu á það að þær tekjur væru háðar hversu vel menn auglýstu Lottó. Opnað var fyrir ávarp gesta en enginn vildi taka til máls.

Starf kjörbréfanefndar. Formaður nefndarinnar Rósa Margrét Grétarsdóttir fór yfir kjörbréf fyrir hönd kjörbréfanefnd. Fundarstjóri lagði kjörbréfin til samþykka, og voru þau samþykkt án mótmæla.

1. Skýrsla formanns

Jón Ragnar Gunnarsson fór með skýrslu formanns [sjá skýrslu formanns 2006]

2. Reikningar gjaldkera TKÍ

Ásthildur fór með reikninga TKÍ 2005.

3. Umræða um skýrslu formanns og reikningar ásamt samþykktum

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu um skýrslu formanns og reikninga sambandsins. Gunnar Jónsson nýtti sér tækifærið og ræddi um hugleiðingu sína [sjá hugleiðingu Gunnars]. Gunnar tilkynnti einnig að hann væri hættur afskiptum sínum af Taekwondo, en þakkaði stjórn TKÍ 2005 fyrir starfið og skoraði á fundarmenna að halda áfram á þessari braut til að efla megi Taekwondo. Var Gunnar hylltur með lófaklappi fyrir vel unnin störf.

Fundarstjóri lagði reikninga sambandsins undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

Fundarstjóri lagði skýrslu formanns undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006

Ásthildur fór með fjárhagsáætlun TKÍ fyrir árið 2006

Fjárhagsáætlun 2006

Framlög og styrkir	4.300.000
Aðrar rekstrartekjur	300.000
Tekjur	4.600.000
Rekstrargjöld	
Styrkir TKÍ	1.400.000
Kostnaður v/ móta, dómaramála og æfingabúða	1.800.000
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1.000.000
Annar rekstrarkostnaður	300.000
gjöld	4.500.000
Hagnaður	100.000

Kosning þingnefnda en störf þingnefnda dattu út.

Ákvörðun iðkendagjalds (nefskatts), Jón Ragnar lagði til að gjaldið yrði ekki hækkað og héldist í 500 kr., nokkrar umræður urðu um gjaldið. Írunn og Kjartan lögðu fram breytingatillögu um að gjaldið yrði hækkað í 1000 kr.

Tillagan um að hækka gjaldið í 1000 kr var lögð undir samþykki. Írunn, Kjartan og Sverrir voru fylgjandi en tillagan var felld þar sem mikill meirihluti fundarmanna var henni ósammála.

Tillagan um að hækka ekki gjaldið var lögð undir samþykki og var hún samþykkt með miklum meirihluta. Niðurstaðan varð því sú að hækka gjaldið ekki næstu 2 til 3 árin og athuga hvernig til gengur við að innheimta gjöldin. Umræða varð einnig um hvernig staðið yrði að upptöku keppnispassa.

5. Lagabreytingar

Vegna brots á fánalögum er firmamerki TKÍ til ársins 2005 ólöglegt og því þarf að breyta því. Ef það verður ekki samþykkt mun TKÍ verða firmamerkislaust í heilt ár. Stjórn TKÍ kom því með lagabreytingatillögu um að 17. gr. sem svo hljóðar:

- „Merki TKÍ er hringlaga. Það sýnir taekwondo íþróttamann sparka hringspark (dollyochagi). Í bakgrunni er íslenski fáninn. Í hring umhverfis merkið stendur Taekwondosamband Íslands og á kóresku stendur merki Taekwondo.“

Verði:

- „Merki TKÍ er kassalaga með sterku skammstöfunarútliti. Það sýnir taekwondo íþróttamann, með nýstárlegu gagnsæju glerútliti, sparka bogaspark (dollyochagi). Í bakgrunni íþróttamannsins er bylgjött flagg í bláum, rauðum og hvítum lit. Til hliðar við íþróttamanninn er skammstöfun TKÍ (í

leturgerðinni impact). Undir merkinu er heitið Taekwondosamband Íslands (í leturgerðinni centur-bold). *Litaval er skv. fylgiskjali hönnuðar www.eidola.com.*“

Nokkur umræða hófst um tillöguna að nýju merki TKÍ. Meðal þess sem fram kom var umfjöllun um að smekkur manna væri ekki fallinn að merki þessu, öðrum þótti merkið þó flott. Eftir töluvert þóf var lagabreytingartillagan samþykkt án mótmæla.

6. Umræða um fjárhagsáætlun ársins 2006

Farið var fjárhagsáætlun næsta árs og almenn umræða opnuð. Nokkur umræða hófst og þá helstu um hversu hárru upphæð yrði varið til dómaramála. Niðurstaðan varð sú að í Fjárhagsáætlun 2006, breyttist liðurinn:

- Kostnaður vegna móta og æfingabúða

Í:

- Kostnaður vegna móta, dómaramála og æfingabúða.

Stjórn TKÍ ræddi enn fremur um mikinn áhuga sinn fyrir því að efla dómaramál innan TKÍ og enn fremur var rætt um ástæður þess að Master Stig Ove Ness kom til Íslands. Á Íslandsmótinu síðasta starfaði Stig ekki sem dómari heldur sem faglegur ráðgjafi.

7. Kosningar

Jón Ragnar Gunnarsson óskaði eftir endurkjöri og var hann kjörinn

Meðstjórnendur voru kosnir: Árni Jóhannes Reyndal Bragason, Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir, Jón Garðar Steingrímsson og Rósa Margrét Grétarsdóttir.

Varamenn í stjórn: Einar Þór Ingvarsson, Ólafur Sigvaldason, Ingi Páll Sæbjörnsson

Stjórnarmenn kosnir samhljóma.

Skoðunarmenn: Gunnar Bragason og Gauti Már Guðnason

Aðilar í fastanefnd:

Dómaranefnd:

- Hlynur Gissurarson (formaður)
- Einar Þór Ingvarsson
- Karvel

Mótanefnd:

- Sverrir Tryggvason (formaður)
- Arnar Snær Valmundsson
- Jóhann Ingi Albertsson

Landsliðsnefnd:

- Rósa Margrét Grétarsdóttir (formaður)

Fundur heimilaði stjórn að skipa tvo eða fjóra menn í hverja nefnd. Tillaga kom frá Stjórn að tilnefningar þurfi að hafa borist TKÍ eigi síðar en 1. maí 2006.

Allir aðilar í fastanefndir voru kosnir samhljóða.

Fulltrúar á 68. íþróttahring ÍSÍ :

- Jón Ragnar Gunnarsson
- Jón Garðar Steingrímsson
- Rósa Margrét Grétarsdóttir.

Jón Ragnar hélt lokaræðu:

Í ræðunni lofaði Jón að beita sér fyrir því að skylda yrði fyrir tók nemendur fyrir1. dan gráðu beltapróf um að hafa lokið þjálfaranámskeið ÍSÍ 1 a,b og c. Jón Ragnar talaði um að það væru víða tengsl milli þjálfunarstigs og styrkveitinga héraðssambanda til einstakra félaga.

Þingi slitið af fundarstjóra kl. 20:45